

Föstudaginn 16. ágúst 1996.

Nr. 241/1996.

Efnagerðin Lyng hf.

(Einar Gautur Steingrímsson hdl.)

gegn

Friðjóni Erni Friðjónssyni

(enginn)

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Frávísunarúrskurður staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 7. júní 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 20. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 4. júní 1996, þar sem vísað var frá dómi ágreiningsmáli í tengslum við lok gjaldþrotaskipta á búi sóknaraðila. Kæruheimild er í 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 4. júní 1990.

Bú Efnagerðarinnar Lyngs hf., kt. 581289-1039, var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði, upp kveðnum 20. mars 1995, og var Friðjón Örn Friðjónsson hrl. skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Frumvarp til úthlutunar var lagt fram á skiptafundi, sem haldinn var 15. mars 1996. Fundinn sóttu Einar Gautur Steingrímsson hdl. og maður að nafni Jón Baldur Baldursson. Frumvarpið var samþykkt að öðru leyti en því, að fyrrnefndur Jón Baldur Baldursson mótmælti þóknun skiptastjóra samkvæmt B-lið frumvarpsins

sem of hárr og áskildi sér rétt til þess að skjóta ágreiningi um hana til héraðsdóms til úrlausnar. Á fundinum var bókað, að tilkynna skyldi skiptastjóra þá ákvörðun eigi síðar en innan viku frá fundinum. Slík tilkynning barst frá Einari Gauti Steingrímssyni hdl. 29. mars 1996. Á þessum sama fundi afhenti skiptastjóri bú Efnagerðarinnar Lyngs hf. stjórn félagsins til frjálsra umráða, þar eð allar lýstar kröfur höfðu greiðst.

Með bréfi, dagsettu 7. maí 1996, skaut skiptastjóri ofangreindu ágreiningsefni um þóknun hans til Héraðsdóms Reykjavíkur.

Í 171. gr. laga nr. 21/1991 eru fyrirmæli um, hvernig skiptastjóri skuli haga gerðum sínum, komi upp ágreiningur við gjaldþrotaskipti. Meðal þeirra ágreiningsefna, sem skiptastjóra er skylt að beina til héraðsdómara, er ágreiningur um frumvarp til úthlutunar úr þrotabúi, sbr. 5. mgr. 160. gr. laganna, en þar er kveðið á um, að skiptastjóri skuli beina ágreiningi til héraðsdóms, ef ekki tekst að jafna hann á skiptafundi. Þegar ágreiningur hafi verið til lykta leiddur, skuli skiptastjóri gera nýtt frumvarp til úthlutunar og boða til fundar um það.

Af gögnum málsins verður ekki séð, að fyrirmælum þessum hafi verið fylgt, heldur lauk skiptastjóri skiptum á þrotabúinu 15. mars 1996, þar sem allar kröfur höfðu greiðst af fjármunum búsins. Við það tímamark tók stjórn Efnagerðarinnar Lyngs hf. aftur við þeim fjárhagslegu réttindum og skyldum, sem þrotabúið hafði tekið við, er úrskurður um töku bús Efnagerðarinnar Lyngs hf. til gjaldþrotaskipta var upp kveðinn. Gat því fyrrum skiptastjóri þrotabúsins ekki lagt ágreiningsefni þetta fyrir héraðsdóm til úrlausnar eftir þann tíma, sbr. og 171. gr. laga nr. 21/1991. Ber því að vísa ágreiningsefni þessu frá dómi án kröfu.

Helgi I. Jónsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ágreiningi um frumvarp til úthlutunar í þrotabúi Efnagerðarinnar Lyngs hf. er vísað frá dómi án kröfu.